

# 196. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 21. júní 2018 kl. 09:30.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson og Óttar Bragi Þráinsson. Einnig var mætt Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Valgerður Sævarsdóttir, formaður byggðaráðs, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Valgerður kom með tillögu að dagskrárbreytingu að inn komi nýr dagskrárliður nr. 7. Samþykkt samhljóða.

## 1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 158. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingafulltrúa frá 30. maí - 18-80.

Mál nr. 3; Dynjandisvegur 38: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús með bílskýli - 1708062

Tekið fyrir umsókn um byggingarleyfi á sumarhúsi við Dynjandisveg 38. Óskað er eftir heimild á tilfærslu á sumarhúsi sem fer út fyrir byggingarreit a.m.k. 5.5 metra, vegna mikillar nálægðar við Dynjandisveg nr.36. Lóðin er skráð 7.680m<sup>2</sup> að stærð og er húsið samtals 143,6 m<sup>2</sup>.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við tilfærslu sumarhúss og mælir með að umsókn verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa, þó með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhafa nr. 36 skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr 4; Iða 2 lóð (L200300): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og geymsla - 1805071

Lögð er fram umsókn Kristínar Hrundar Whitehead og Balema Alou dags. 25.05.2018 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús og geymslu 73,6 m<sup>2</sup> á Iðu 2 lóð, Bláskógabyggð. Skv. Fasteignaskrá Íslands er fyrir geymsla sem er skráð 16m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er skráð 3.343 m<sup>2</sup> að stærð. Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

Að mati byggðaráðs Bláskógabyggðar er forsenda þess að veitt verði byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á lóðinni er að unnið verði að skilmálabreytingu á deiliskipulagi fyrir svæðið.

Mál nr. 6; Sandskeið úr landi Miðfells: Bláskógabyggð: Deiliskipulag - 1806005

Lögð fyrir umsókn Félag sumarbústaðaeigenda við Sandskeið dags. 06.06.2018. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Sandskeið við Þingvallavatn. Gert er ráð fyrir 100 lóðum fyrir frístundarhús. Lóðirnar eru um 2.700 - 11.500m<sup>2</sup> að stærð.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að tillaga að deiliskipulagi svæðisins verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga með fyrirvara um lagfæringar á gögnum í samráði við skipulagsfulltrúa. Leita þarf umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 7; Skyggisvegur 7 L167536: Aukið byggingarmagn á lóð: Fyrirspurn - 1806006

Lögð fram fyrirspurn Hermanns Ottóssonar og Jóhönnu Þormar dags. 01.06.2018. Óskað er eftir leyfi fyrir 40m<sup>2</sup> viðbyggingu til austurs við núverandi sumarhús sem er skráð skráð í dag 47,5 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er skv. fasteignamati skrá 5100 m<sup>2</sup> að stærð.

Í deiliskipulagi fyrir svæðið kemur fram að byggingarmagn skuli ekki fara umfram nýtingarhlutfall sem 0,03. Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir því ekki athugasemd við að byggt verði við núverandi frístundarhús.

Mál nr. 8; Laugagerði lnr 167146 (Garðyrkjustöðin): Breytt nýting lóðar: Aðalskipulagsbreyting - 1708069

Lögð fram að nýju umsókn eigenda Garðyrkjustöðvarinnar Laugagerði í Laugarási (lnr. 167146) um breytingu á aðalskipulagi landsins, þannig að heimilt verði að vera með verslun- og veitingarekstur á lóðinni.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn samþykki að unnið verði breyting á aðalskipulagi sem felst í landnotkun verði breytt úr landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu.

Mál nr. 9; Laugargerði: Umsókn um byggingarleyfi: Breyting á notkun - 1708004

Lögð fram að nýju umsókn, samhliða ósk um aðalskipulagsbreytingu, um breytta notkun pökkunarhúss á lóðinni Laugargerði L167146 í Laugarási í kaffihús.

Forsenda á breyttri notkun á pökkunarhúsi í samræmi við erindi er að deiliskipulagi svæðisins verði breytt samhliða aðalskipulagsbreytingu þar sem svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Mál nr. 10; Austurey 1 L167622: Stækkun á byggingarreit vegna skemmu: Deiliskipulagsbreyting - 1806015

Lögð er fram umsókn Kjartans Lárussonar dags. 25.04.2018. Óskað er eftir stækkun á núverandi byggingarreit um 20 metra til austurs. Fyrirhuguð er bygging skemmu sem staðsett verður að hluta á hinni nýju stækkun. Fyrirhuguð stærð skemmu er 500m<sup>2</sup>. Samkvæmt fasteignaskrá er jörðin skráð 305 ha.

Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stækkun byggingarreits. Að mati byggðaráðs er breytingin óveruleg og leggur nefndin til að hún verði samþykkt skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna.

Mál nr. 26; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18 - 80 - 1805006F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. maí 2018.

## 2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 12. fundur Héraðsnefndar Árneseinga.
- 2.2. 533. fundur stjórnar SASS

## 3. Úthlutun leiguíbúðarinnar Torfholt 6 á Laugarvatni, eldri borgaraíbúð.

Úthlutun íbúðar fyrir eldri borgara á Laugarvatni, Torfholti 6, hefur verið auglýst laus til umsóknar. Þegar umsóknarfrestur rann út höfðu borist 7 umsóknir.

Eftirfarandi umsækjendur sendu inn umsóknir:

- Unnsteinn Egill Kristinsson, kt. 220547-2059 og Guðný Helga Jóhannsdóttir kt. 180947-2809.
- Jónas Þorkell Jónsson, kt. 080951-3459 og Inga Ósk Jóhannsdóttir kt. 151153-2919.
- Þorbjörg Þorkelsdóttir, kt. 261155-5679.
- Sigrún Elín Birgisdóttir, kt. 031057-2729.
- Mikael Þorsteinsson, kt. 160464-5509.
- Jónína Björk Ingvarsdóttir, kt. 260566-3189 og Haraldur Ásgeirsson, kt. 050664-5039.
- Ágústa Emilsdóttir, kt. 050148-2389.

Byggðaráð Bláskógabyggðar yfirfór innsendar umsóknir og lagði mat á umsækjendur á grundvelli aldurs og félagslegrar stöðu umsækjenda.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að úthluta Unnsteini Agli Kristinssyni og Guðnýju Helgu Jóhannsdóttur íbúðina, á grundvelli félagslegrar og húsnæðislegrar stöðu.

## 4. Innsend bréf og erindi:

- 4.1. Tölvuskeyti Bygginga- og skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 14. júní 2018; aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029.

Lagt fram tölvuskeyti bygginga- og skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við aðalskipulagstillögu Kjósarhrepps 2017-2029.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að yfirfara skipulagstillögu Kjósarhrepps og gera athugasemdir ef einhverjar eru.

- 4.2. Tölvuskeyti dags 14. júní 2018 frá ábúendum á Iðu; kerfill.

Lagt fram tölvuskeyti dags 14. júní 2018 frá ábúendum á Iðu þar sem þau beina því til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar að hlutast til um að reynt verði að stemma stígu við útbreiðslu kerfils meðfram vegköntum með því að slá vegkanta áður en fræmyndun hefst.

Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur undir þær ábendingar sem fram koma hjá bréfriturum og hvetur Vegagerðina til að haga slætti í vegköntum með þeim hætti að dreifing á fræi verði sem minnst.

- 4.3. Erindi Tónlistarskóla Árneseinga dags 11. júní 2018; ósk um aukinn kennslukvóta frá hausti 2018.

Lagt fram bréf Tónlistarskóla Árneseinga dags 11. júní 2018 þar sem óskað er eftir þriggja klst. aukningu á kennslukvóta í Bláskógabyggð frá ágúst 2018.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að auka kennslukvóta til Tónlistarskóla Árneseinga um þrjár klst. frá ágúst 2018. Gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun 2018 þar sem ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum í gildandi fjárhagsáætlun.

- 4.4. Erindi Þorsteins Elí Gíslasonar dags. 12. júní 2018; styrkbeiðni.  
Lagt fram bréf frá Þorsteini Elí Gíslasyni dags. 12. júní 2018 þar sem hann óskar eftir styrk frá Bláskógabyggð vegna þátttöku í Ólympíuleikum í eðlisfræði.  
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að styrkja Þorstein um kr. 50.000 vegna þátttöku hans í Ólympíuleikum í eðlisfræði.

**5. Erindi til kynningar:**

- 5.1. Bréf dags. 8 júní 2018 vegna landsfundar jafnréttismála, málþing og jafnréttisdagur.  
5.2. Bréf KPMG dags. 12. júní; fræðslufundur fyrir sveitarstjórnarfólk 2018.  
5.3. Bréf mennta- og menningarmálaráðaneytis dags. 7. júní 2018; eftirfylgni með úttekt á Bláskógaskóla í Reykholti.  
5.4. Kynning á þarfagreiningu um heilsueflandi samfélag í Bláskógabyggð.  
5.5. Tölvuskeyti Tónlistarskóla Árneseinga dags. 11. júní 2018; kostnaðarskipting sveitarfélaga.

**6. Niðurstöður tilboða í 1. áfanga leikskólabyggingar í Reykholti.**

Lögð fram niðurstaða í opnun tilboða í 1. áfanga leikskólabyggingar í Reykholti. Tilboð voru opnuð á skrifstofu Verkís á Selfossi 18. júní 2018 að viðstöddum þeim þrem aðilum sem skiluðu inn tilboðum í verkið.

<b>Tilboðsgjafi</b>	<b>Upphæð</b>
Mannverk	212.813.295,-
Húsheild	179.521.533,-
Ari Oddsson ehf.	160.708.459,-
Kostnaðaráætlun	134.214.889,-

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að ganga til samninga við lægstbjóðanda, með fyrirvara um að öll lögformleg skilyrði séu uppfyllt s.s sem fram koma í innkaupareglum Bláskógabyggðar.

**7. Kosning fulltrúa Bláskógabyggðar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneseinga.**  
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að Valgerður Sævarsdóttir verði aðalmaður og Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir til vara í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneseinga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Helgi Kjartansson

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Sigurrós H. Jóhannsdóttir